

Matvælaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
B/t Jón Bráundur Stefánsson

Þorlákshöfn, 8. mars 2022

Efni: Byggðakvóti í Þorlákshöfn

Á fundi bæjarráðs Ölfus sem haldinn var þann 6. janúar 2022 var eftirfarandi samþykkt undir lið 2, 2112061 - Úthlutun byggðakvóta 2021-2022

Fyrir bæjarráði lá erindi frá atvinnuvegaráðuneytinu með upplýsingum um byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2021/2022.

Fram kemur að hlutfall Þorlákshafnar í úthlutuðum byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2021/2022 er 1,51% af heildarúthlutun til allra byggðarlaga eða 70 þorskígildistonn. Samdráttur milli fiskveiðiará nemur 88 þorskígildistönum.

Samhliða lágu fyrir leiðbeiningar um sérreglur og auglýsing um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022.

Jón Páll Kristófersson vék af fundi undir þessum lið.

Bæjarráð vísar til fyrri andmæla vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á úthlutun byggðakvóta og valda munu skerðingu upp á 88 tonn eða 55,7%.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir því að úthlutun byggðakvóta fyrir Þorlákshöfn verði með sama hætti og undanfarin ár og þar með að ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að 35% byggðakvóta Þorlákshafnar skal skipt jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar en 65% byggðakvótans í Þorlákshöfn skal skipt hlutfallslega á þau sömu skip, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

Rökin fyrir breytingartillögum eru að hún telst styrkja byggðarlagið með því að styðja við rekstarumhverfi fjölbreyttrar útgerðar í Sveitarfélaginu Ölfus. Rökin eru þau sömu og Sveitarfélagið Hornafjörður lagði fram um sama málefni og Matvælaráðuneytið samþykkti. Sömu rök eiga við hjá báðum sveitarfélögum og því eðlilegt að Matvælaráðuneytið samþykki erindi Sveitarfélagsins Ölfus á sömu forsendum, enda aðstæður sambærilegar og því skýrt fordæmi.

Með kveðju, Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Ölfus.